59 14. júlí. Kindur þær, sem koma fyrir eptir skilarjettir og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sje á lögboðinn hátt í hreppnum.

37. gr. Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt, og eigendur þekkjast eigi að, skal við lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndarinnar, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í dagblaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í. Hver sá, sem sannar eignarrjett sinn að hinu selda fje, fær andvirði þess að frá dregnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir næstu fardaga.

6. kafli.

Um ótamin hross.

38. gr. Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdu hrossum á afrjett eða til fjalls svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álítur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heimahögum frá því þau eiga að rekast og til rjetta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt að fá handa þeim fjallland fyrir sanngjarna borgun, ellegar að heimalandi tryppaeiganda sje svo varið, að hann geti öðrum skaðlaust haft þau heima.

39. gr. Brot gegn reglugjörð þessari varða 2 til 50 króna sektum, er allar renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, að undanteknum þeim hluta sektarinnar, samkvæmt 8. gr., er uppljóstrarmanni er ákveðinn. Með mál, sem rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugjörð, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefur samið, var staðfest og löggilt, samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Vesturamtsins á aðalfundi þess, dagana frá 13. til 15. júní þ. á, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1893.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 14. júlí 1893.

Kristján Jónsson
settur.

60

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins árið 1892.

Tekjur:

		kr.	a.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1891	935	69
2.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	2287	63
	Tekjur alls kr.	3223	32

Gjöld: 60

1.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	287	38
2.	— ferðakostnaðar	»	»
3.	— heyrnar- og málleysingja	480	»
4.	— sáttamála	»	»
5.	— kostnaðar við amtsráðið	438	50
6.	Ýmislegur kostnaður	685	88
7.	Eptirstöðvar við árslok 1892	1331	56
	Gjöld alls kr.	3223	32

Íslands Suðuramt, Reykjavík 14. apríl 1893.

Kristján Jónsson
settur.

Reikningur 61

yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins árið 1892.

Tekjur:

		kr.	a.	kr.	a.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1891:				
	a. Veðskuldabrjef	17890	00		
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	83	87		
	c. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar	100	00		
	d. Útistandandi vextir	40	00		
	e. Í peningum	250	36	18364	23
2.	Vextir alls á árinu			700	45
3.	Búnaðarskólagjald 1892			876	52
	Tekjur alls kr.			19941	20

Gjöld:

1.	Borgað til Hvanneyrarskólans samkv. landsh. brjefi 5. febr. 1889 og ályktun amtsráðsins			202	80
3.	Móti tekjulið 1 d., sem einnig innifaldar í tekjulið 2, færast til útgjalda			40	00
3.	Eptirstöðvar við árslok 1892:				
	a. Veðskuldabrjef	17840	00		
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	1290	66		
	c. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar	100	00		
	d. Útistandandi vextir	70	00		
	e. Í peningum (þar af lánað út 1893, 300 kr.)	397	74	19698	40
	Gjöld alls kr.			19941	20

Íslands Suðuramt, Reykjavík 15. apríl 1893.

Kristján Jónsson
settur.